



815 Neytendalánatrygging

sbr. (samanber) 18. gr. (grein) laga nr. (númer)121/1994 um neytendalán

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um vátryggingarsamninga.

- 1.1 Auk skilmála þessara, vátryggingarskírteinis og annarra gagna, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

2. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 2.1 Félagið vátryggir gegn fjárkröfu sem neytandi eignast á hendur lánveitanda (vátryggingartaka) vegna vanefnda hans á samningi um viðskipti sem lög nr. 121/1994 um neytendalán taka til. Vátryggingin gildir þó aðeins í þeim tilvikum að lánveitandi framselji grandlausum þriðja manni viðskiptabréf sem neytandi hefur látið af hendi sem greiðslu til framseljanda, sbr. 3. mgr. (málgrein) 17. gr. og 18. gr. laganna. Til greiðslu bóta kemur eingöngu hafi fullnaðardómur eða réttarsátt gengið um vanefnd og að ljóst sé að lánveitandi geti ekki efnt skyldu sína samkvæmt dómnum eða sáttinni.

3. Undanþágur.

- 3.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna líkamstjóns. Vátryggingin tekur ekki til kröfu vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

4. Vátryggingarfjárhæð.

- 4.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingartímabils takmarkast við þá fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, en hún er ákveðin hverju sinni í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 121/1994, sbr. 23. gr., eða reglum settum samkvæmt þeim.
- 4.2 Vátryggingarfjárhæðin lækkar við hverja kröfu sem greidd er af vátryggingunni á hverju vátryggingartímabili. Samtals verður því ekki greitt meira en nemur vátryggingarfjárhæðinni, sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, vegna hvers vátryggingartímabils að viðbættum vöxtum og málskostnaði, sbr. gr. 4.3.
- 4.3 Auk höfuðstólskröfu á hendur vátryggingartaka greiðir félagið, ef því er að skipta, vexti af henni og málskostnað þótt greiðsla þess fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll kröfu greiðist aðeins sá hluti vaxta og kostnaðar sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

5. Vátryggingartími.

- 5.1 Félagið greiðir bætur ef eindagi greiðslu þeirrar sem vátryggingartaki á að inna af hendi til neytenda er á vátryggingartímabilinu.
- 5.2 Falli vátryggingarsamningurinn úr gildi helst ábyrgð félagsins þó í eitt ár frá þeim tíma að því er varðar kröfur sem rísa af samningum sem vátryggingartaki hefur gert á vátryggingartímanum, enda sé eindagi greiðslu vátryggingartaka innan árs frá lokum vátryggingarinnar.
- 5.3 Ákvæði 2. mgr. eiga þó ekki við ef vátryggingartaki hefur eftir lok vátryggingarinnar keypt aðra vátryggingu eða bankatryggingu sem tekur til tjónsins, enda tekur vátryggingin ekki til hagsmuna sem einnig eru tryggðir með annarri vátryggingu eða bankatryggingu.

6. Landfræðileg mörk vátryggingarinnar.

- 6.1 Vátryggingin tekur ekki til starfa vátryggingartaka utan Íslands eða vanefndaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum.

7. Tilkygning um tjón.

- 7.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggingartaki tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama á við þegar hann fær vitneskju eða grun um að krafa sem ætla má að vátryggingin taki til verði gerð á hendur honum.

8. Endurkröfuréttur.

- 8.1 Hafi félagið vegna ákvæða laga nr. 121/1994 eða reglna settum samkvæmt þeim greitt kröfu sem vátryggingartaki (vátryggður) á ekki rétt á vátryggingarvernd gegn samkvæmt skilmálum þessum, lögum um vátryggingarsamninga eða vegna þess að hann hefur valdið vátryggingaratburði af ásetningi á félagið endurkröfurétt á hendur honum vegna vátryggingarbóta sem það hefur greitt.



815 Neytendalánatrygging

sbr. (samanber) 18. gr. (grein) laga nr. (númer)121/1994 um neytendalán

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

9. Gildistími váttryggingarinnar og uppsögn.

9.1 Váttryggingin tekur gildi þegar félagið samþykkir váttryggingarbeiðni. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils samkvæmt gr. 10.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

10. Greiðsla iðgjalds.

- 10.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 10.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur samkvæmt 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 10.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur samkvæmt 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 10.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 10.5 Falli váttrygging niður samkvæmt 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 10.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

11. Lok váttryggingar vegna réttindamissis.

11.1 Váttryggingunni lýkur ef váttryggingartaki (váttryggður) missir réttindi til að reka starfsemi á því sviði sem getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

12. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 12.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 12.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 12.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 12.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjonagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjonþola, tjon snúmer, tegund váttryggingar og tjon s, dagsetning tjon s og skráningar, staðsetning tjon s og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjon s fær félagið yfirlit yfir öll tjon sem tjonþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjonagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjon og vinna að tjonauppgjöri hafa aðgang að tjonagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjonagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019..